



Halastjarnan

SUMAR 2018





Yfirlit

KYNNING Á
SUMARFRÍSTUND

BORGIN OKKAR
SÖGUR OG ÆVINTÝRI
ÍPRÓTTIR OG LEIKIR
VATNAVIKA
AUKAVIKA
NÁTTÚRAN OG UMHVERFIÐ
LISTIR OG VÍSINDI
HEIMADAGUR OG HÁTEIGUR

GJALDSKRÁ

SKRÁNING

GOTT AÐ VITA

04

06

08

10

14

15

16

Sumarstarf Halastjörnunnar er fyrir börn fædd 2008-2011 og verður til húsa í Stjörnuhæð og Hvíta Húsinu.

Sumarfrístund er opin frá 11. júní til 20. ágúst, utan 16. júlí til 06. ágúst, þegar lokað verður vegna sumarleyfa starfsmanna. Á næstu síðum eru upplýsingar um þema fyrir allar vikurnar í sumar.

Dagskrá Frostheima í Vesturbænum er sérsniðin fyrir 3. og 4. bekkinn og er með fjölbreyttara og meira krefjandi sniði en dagskráin fyrir yngri aldurshópinn. Börnum í 3. og 4. bekk í Miðborg Hlíðum stendur til boða að nýta þjónustu Frostheima á sumrin, en einnig geta þau sótt þjónustu í sínu vanalega

**Síðasti dagur vetrarstarfsins
er miðvikudagurinn 6. júní.**

**Dagana 7. og 8. júní eru
skólaslit og undirbúningur
fyrir sumarfið.**

**Þann 11. júní hefst sumarstaf
í Halastjörnunni.**



Borgin okkar

11-15. júní

Í vikunni verður flakkað um borgina, rölt um miðbæinn og leikið í Hljómskálagarðinum. Á Árbæjarsafninu skoðum við hvernig borgin var í gamla daga.



Sögur og ævintýri

18.-22. júní

Farið verður í sögustund á Borgarbókasafninu. Við munum sökkva okkur í heim ævintýranna og leita þeirra á blaðsíðum bókanna jafn og úti í náttúrunni.



Íþróttir og leikir

25-29. júní

Hinir árlegu Fáránleikar fara fram í íþróttum og leikjavíkunni. Við munum kynna ýmsum íþróttum og læra nýja og skemmtilega leiki. Og heimsækja skólahreystisbrautina við Flataskóla



Vatnavika

2.-6. júlí

Við förum í strandferð í Nauthólsvík, í fjöruferð og að vaða. Og auðvitað sláum við botninn í vikuna með vatnsstríði!



Aukavika í Draumalandi

9.-13. júlí

Eftir að Halastjarnan lokar er sameiginleg auka vika fyrir öll frístundaheimili Tjarnarinnar í Draumalandi, Austurbæjarskóla. Í vikunni verður farið í bíó, Hallgrímskirkju, farið á kaffihús í miðbænum og svo verður grillað í Draumalandi.



Náttúran og umhverfið

7.-10. ágúst

Útivistarsvæðið og klifurturninn í Gufunesi verður heimsótt og grillað verður á útieldsvæðinu. Við förum í Elliðarárdalinn og leikum okkur úti í náttúrunni.



Listir og vísindi

13.-17. ágúst

Í vikunni verður ferð á listasafn. Gerðar verða ýmiskonar vísindatíraunir og við munum leita að okkar innri listamanni.



Heimadagur og Háteigur

20. ágúst

Í vikunni fyrir skólasetningu verður einn langur dagur. Hann verður heimadagur og áhersla verður á útiveru og leiki. 21. ágúst er starfsdagur og skólasetning er 22. ágúst. Vetrarstarfið byrjar næsta dag, fimmtudaginn 23. ágúst.



Gjaldskrá sumarfrístundar 2018

Gjald fyrir 5 daga námskeið:
8.910 kr.

Viðbótarstund 8:00-9:00:
2.600 kr.

Viðbótarstund 16:00-17:00
2.600 kr.

Sjá nánar á vef Reykjavíkurborgar:
[Smellið hér](#)

Nokkur atriði varðandi skráningu:

- Skráning hefst miðvikudaginn 25. apríl kl. 10 á vefnum sumar.fristund.is.

-Það er MJÖG mikivægt að klára öll skrefin í skráningarferlinu svo að skráningin skili sér

- Á sumrin eru boðið upp á að skrá í stakar vikur, en ekki á mánaðargrundvelli eins og á veturna

- Skráningu fyrir hvert námskeið lýkur kl. 12 föstudaginn fyrir námskeiðið. Eftir það er send út dagskrá með tölvupósti

- Ef hætta þarf við skráningu þá þarf að afskrá með **8 daga fyrirvara** s.s. á sunnudegi vikuna áður. Athugið að kerfið sendir ekki út áminningar.

- Alls eru 60 pláss á hverju námskeið. Ef námskeið er fullbókað býðst að skrá á biðlista og það er haft samband ef það lonar pláss á námskeiðnu

- Athugið að ekki er hægt að skrá í hálfra viðbótarstund. Þ.a.l. er ekki hægt að skrá 8.30-16.30, stundin getur einungis verið á heila tímanum,

Gott að vita!

- **Námskeiðin byrja kl. 9** og lýkur kl. 16.

Nema skráð sé viðbótarstund þá þarf að koma með börnin og sækja innan þess tíma.

- **Heimkoma úr ferðum:** Á ferðadögum erum við yfirleitt úr húsi milli kl. 10:00 og 15:00.

Heimferðir geta dregist til kl. 16:00.

- **Fjarvistir:** Þarf að tilkynna fyrir kl. 9:00 símleiðis eða með sms. Við erum ekki alltaf við tölvupóstinn á sumrin.

- **Nesti:** Börnin þurfa að koma með þrjú nesti á dag (morgun-, hádegis- og síðdegisnesti). Nestið þarf að vera hægt að borða á ferðinni og þarf ekki að hita. Stundum grillum við og þá geta börnin komið með pylsur eða hamborgara, og Halastjarnan sér um sósur og lauk.

- **Bakboki og auka fót:** Við elskum góða bakpoka. Best er að hafa bakpoka sem situr vel á bakinu, t.d. skólatöskuna eða minni slíkan poka. Gott er að hafa auka fót meðferðis því það geta alltaf orðið slys, hvort sem það er pollur eða piss.

- **Sundferðir:** Farið er í sund í hverri viku. Gott er að börnin hafi merkt eða skrautlegt handklæði sem þau þekkja sjálf. Allir starfsmenn fara með í laugina nema einn sem fylgist með á bakkanum. Í sundi eru börnin merkt með sundbandi til að aðgreina hópinn okkar. Farið er eftir öryggisverkferlum og við höldum okkur alltaf í barnalauginni. Börn í 1. bekk þurfa að vera með armkúta nema haft sé samband við forstöðumann.